



Ársskýrsla 2025

Inngangur

Menntaskólinn á Tröllaskaga hóf starfsemi sína haustið 2010. Hér er gerð grein fyrir nokkrum meginþáttum í starfi skólans á starfsárinu 2025. Fjallað er um skólastarfið, árangur af markmiðasetningu í stefnumótaðri áætlun ríkisaðila 2023-2025, áhersluverkefni og ávinning þeirra ásamt fjárhagslegri afkomu ársins 2025.

Almenn starfsemi

Kjarnastarfsemi:

Skólinn er áfangaskóli sem býður upp á nám á eftirtöldum brautum sem staðfestar hafa verið af ráðherra skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008:

- Félags- og hugvísindabraut, 200 e., staðfestingarnúmer 15-24-3-6
- Grunnmenntabraut, 90 e., staðfestingarnúmer 15-31-2-3
- Íþróttá- og útivistarbraut, 200 e., staðfestingarnúmer 15-28-3-7
- Kjörnámsbraut, 200 e., staðfestingarnúmer 15-29-3-6
- Listabraut - ljósmyndun/myndlist, 200 e., staðfestingarnúmer 15-26-3-7
- Náttúruvísindabraut, 200 e., staðfestingarnúmer 15-25-3-6
- Starfsbraut, 240 e., staðfestingarnúmer 15-30-1-12
- Stúdentsbraut - starfsnám, 55 e., staðfestingarnúmer 16-158-3-7

Ársmemendur voru 220 árið 2025. Starfsmenn voru 28 á árinu að meðaltali. Útgjöld: Reiknað er með árið 2026 að rekstrargjöld skólans verði um 478 mkr. 83% eru laun og launatengd gjöld, 8,4% húsnæðiskostnaður, 3,6% aðkeypt þjónusta og 5% ýmis annar rekstrarkostnaður.

Almennur rekstur:

Mannauður/starfsmannahald: Starfsmenn voru samtals 28 í 24 stöðugildum. Skipting milli kynja var 68% konur og 32% karlar. Stefnt er að auknu kynjajafnvægi sé þess kostur við mannráðningar. Skólinn nýtir upplýsingatækni á öllum sviðum, jafnt kennslu sem þjónustu. Skólinn hefur mótað innra mat sitt og sett fram matsþætti og mælikvarða sem metnir eru og endurskoðaðir árlega (sjá sjálfsmatsáætlanir og skýrslur á vef skólans). Önnur mælitæki í innra mati eru til dæmis „Stofnun ársins“, HR-Monitor og „Framhaldsskólalapsinn“. Skólinn hefur hlotið jafnlaunavottun og lokið 5 grænum skrefum í ríkisrekstri.

Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2025

Kjarnastarfsemi						
A						
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið		Mælikvarðar/ lýsing	Gögn til grundvallar	Raun 2025	Viðmið 2025
A1	Heimsmarkmið og UNESCO skóli: Skólinn er UNESCO-skóli og hefur að markmiði að flétta heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna inn í skólastarfið.	UNESCO viðburðir	Fjöldi alþjóðadaga sem haldið er haldið er upp á	Fréttir á heimasíðu	4	5
		Heims- markmið	Hlutfall áfanga sem flétta heimsmarkmið í kennslu	Áfangaframboð skóla - skrá yfir heimsmarkmið í námi í MTR	68	65
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Staða 2025
A1.1	Heimsmarkmið SP fléttuð inn í alla kennda áfanga við skólann				2022	Í gangi
A1.2	UNESCO viðburðir í tengslum við alþjóðadaga Sameinuðu þjóðanna				2023	Í gangi
Nr.	Markmið		Mælikvarðar/ lýsing	Gögn til grundvallar	Raun 2025	Viðmið 2025
A2	Efla jafnréttis-og kynfræðslu og ofbeldisvarnir: Fræðslufundir ráðgjöf og stuðningur	Fagrád	Virkt fagrád ofbeldismála	Fundargerðir fagráðs ofbeldismála	4	4
		Fræðsla	Fræðsla og kynheilbrigði, jafnrétti og ofbeldisforvarnir	Fjöldi viðburða/kynnin ga sem fjalla málefnið, áfangar í skólanámskrá	6	5
Nr.	Markmið		Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið 2025	Staðan 2025
A3	Samræming gæðaviðmiða innra og ytra mats: Endurskoðun sjálfsmatskerfis skólans með tilliti til nýrra gæðaviðmiða yfirvalda		Endurskoðuð sjálfsmatsáætlun	Gögn sem innra mat skólans byggist á	Ekki hafið	Ekki hafið
Tengist markmiði málaflokks						
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Staða 2025
A2.1	Reglulegir fundir fagteymis ofbeldismála				2024	Í gangi

A2.2	Fræðsla fyrir nemendur og starfsmenn	2024	Í gangi
-------------	--------------------------------------	------	---------

C Rekstrarþættir						
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Nánari lýsing	Gögn til grundvallar	Raun 2025	Viðmið 2025
C1	Góð þjónusta	Ánægja viðskiptavina	Samsett gildi úr 4 spurningum úr þjónustukönnun ríkisins	Þjónustukönnun ríkisins	Ekki hafið	4,35
		Stafræn skref	x/9 skrefum úr gögnum frá Stafrænu Íslandi	Gögn frá Stafrænu Íslandi	1	2
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf
C1.1	Regluleg endurgjöf og umbætur í samræmi við þjónustukönnun, HR-monitor og innra mat					2026
C1.2	Innleiða mælingu á starfrænum skrefum					2026
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Raun 2025	Viðmið 2025	
C2	Öflugur mannauður	Starfsánægja	Heildareinkunn úr Stofnun ársins	Stofnun ársins	4,84	4.75
		Stafræn færni	Hæfni starfsfólks úr Stafrænni hæfnikönnun	Stafræn hæfnikönnun	Ekki hafið	2.00
		Jafnrétti	Samsett gildi úr 6 spurningum úr Stofnun ársins	Stofnun ársins	4,96	4.85
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf
C2.1	Styðja starfsfólk með markvissri starfsþróun					2022
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Raun 2025	Viðmið 2025	
C3	Sjálfbær rekstur		Frávik rekstrarniðurstöðu (mkr.) frá áætlun fyrir framlag ríkissjóðs skv. ORRA	ORRI	449.05	436.80

Áhersluverkefni, framvinda og ávinningur

Stefna og markmið skólans eru reglulega til umfjöllunar í hópi starfsmanna og hjá skólanefnd. Stefnuskjöl ríkisaðila lögð fyrir til kynningar og umræðu. Áhersluverkefni skólans á árinu 2025 hafa fyrst og fremst tengst heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og UNESCO-aðild skólans. Skólinn hefur sett sér markmið í þessum efnum sem fram komu í

yfirliti yfir markmiðasetningu og árangur af þeim hér á undan. Þessar áherslur hafa einnig tengst inn í allt erlent samstarf sem skólinn á í sem felst m.a. í Erasmus- og Nordplusverkefnum en skólinn er Erasmus-skóli. Heimsmarkmiðin hafa verið fléttuð inn í allt skólastarf og hlaut skólinn Evrópsku nýsköpunarverðlaunin í kennslu fyrir verkefnið „Heimsmarkmiðin í öllu skólastarfi - lýðræðislegt samfélag í framkvæmd“. Skólinn hlaut verðlaunafé í tengslum við verkefnið til að kynna það fyrir öðrum. Verkefnið hefur því verið kynnt í öðrum skólum, á fundum og ráðstefnum vítt um land.

Á árinu voru eftirtöld erlend samstarfsverkefni í gangi.

Samstarfsaðili	Verkefni
Endurmenntun kennara erlendis (námskeið, job shadowing)	Verkefni á vegum Erasmus og Nordplus sem miðar að því að bæta við þekkingu og færni kennara.
Nordplus, í samstarfi við Finnland og Eistland	Nordplus Bridging Minds and Cultures Through Stories
Erasmus nemendaferð til Danmerkur	Nemendafélagið fór til Danmerkur, að kynnst starfi hjá öðrum nemendafélögum
Innra samstarf um heimsmarkmið	Fagfundir, samstarf kennara, Unesco viðburðir, heimsóknir frá erlendum kennurum og skólastjórnendum og fleira.

Fjármál, rekstur

Rekstur skólans á árinu 2025 var í góðum farvegi líkt og áður. Áætlun stóðst eins og fram kemur í meðfylgjandi ársreikningi.